


Áfangaskýrsla

31. mars 2009



Jafnréttisvaktin

Efnisyfirlit

1	Inngangur	1
2	Tillögur vinnuhópsins	3
3	Samþætting sjónarmiða beggja kynja í stefnumótun	5
4	Áhrif kvenna og karla í endurreisn íslensks efnahagslífs	5
5	Atvinnuleysi.....	8
5.1	Staðan á vinnumarkaði	8
5.2	Launaþróun hjá ríkinu	9
5.3	Ástæður atvinnuleitar	10
5.4	Stúdentar	11
5.5	Erlendir ríkisborgarar	12
6	Viðbrögð karla og kvenna við atvinnuleysi	14
6.1	Atvinnuhorfur atvinnulausra.....	14
6.2	Tengsl atvinnuleysis og sjálfsmýndar	16
7	Félagsleg áhrif	17
8	Kynbundið ofbeldi.....	18
8.1	Ofbeldi í nánum samböndum	19
8.2	Mansal og vændi	20
8.3	Meðferðarúrræði fyrir karla og forvarnir.....	20
9	Áhrif breytinganna á heilbrigðisstofnunum	22
10	Verkefni framundan.....	23

1 Inngangur

Hinn 10. febrúar 2009 samþykkti ríkisstjórnin að setja á fót vinnuhóp til að meta áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Ásta Ragnheiður Jóhannesdóttir, félags- og tryggingamálaráðherra, skipaði í hópinn.¹

Skipun hópsins er í samræmi við verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar þar sem fram kemur að hún sé einhuga um að við endurreisn íslensks efnahagslífs og uppbyggingu faglegra stjórnunarháttanna verði jafnrétti kynjanna haft að leiðarljósi.

Starf vinnuhópsins markaðist helst af því að meta stöðuna eins og hún blasir við í dag og afla gagna til að unnt sé að greina hvort og þá hvernig efnahagsþrengingarnar hafa ólík áhrif á karla og konur. Leitað var til fjölda stofnana, félagasamtaka, hagsmunahópa og sérfræðinga og óskað eftir gögnum sem gætu sagt til um breytingar á stöðu kynjanna vegna efnahagsþrenginganna. Þá var mikil og góð samvinna við velferðarvaktina sem sett var á laggirnar af félags- og tryggingamálaráðherra um svipað leyti og jafnréttisvaktin.

Vinnuhópurinn fylgdist með aðgerðum ríkisins sem sneru að viðbrögðum við efnahagsástandinu. Einnig var að einhverju leyti fylgst með viðbrögðum sveitarfélaga og félagasamtaka. Leitast var við að skoða áhrif efnahagsþrenginga á Norðurlöndunum á tíunda áratugnum á stöðu kynjanna. Hluti af verkefni vinnuhópsins var að reyna að leggja mat á hvaða breytingum á stöðu kynjanna megji búast við í náinni framtíð í kjölfar efnahagsþrenginganna.


Í samræmi við stefnu stjórnvalda um opna og gagnsæja stjórnsýslu opnaði jafnréttisvaktin vefsvæði á heimasíðu félags- og tryggingamálaráðuneytisins. Þar er að finna upplýsingar um starf vinnuhópsins og gögn sem nýst hafa í starfi hópsins. Þar er einnig óskað eftir ábendingum sem gætu komið að gagni í störfum hópsins. Sjá á vefsíðunni: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/jafnrettisvaktin/>

Mikilvægt er að staða samfélagsins sé metin út frá þeirri staðreynd að staða kynjanna í íslensku samfélagi, áður en þær efnahagsþrengingar sem við stöndum frammi fyrir hófust, var mjög ólík. Bæði hefur starfsval kvenna og karla verið nokkuð kynbundið miðað við aðrar Norðurlandþjóðir auk þess sem töluvert hefur hallað á konur í valdastöðum í íslensku samfélagi.

¹ Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir, skipuð af félags- og tryggingamálaráðherra, formaður, Kolbeinn Stefánsson, skipaður af félags- og tryggingamálaráðherra, Sigurður Guðmundsson, tiln. af fjármálaráðuneyti, Helga Jóhannesdóttir, tiln. af fjármálaráðuneyti, Gunnar Alexander Ólafsson, tiln. af heilbrigðisráðuneyti, Tryggvi Hallgrímsson, tiln. af Jafnréttisstofu, og Hildur Jónsdóttir, tiln. af Jafnréttisráði.

Þrátt fyrir viðamikil starf vinnuhópsins er hér um áfangaskýrslu að ræða og því enn eftir að skoða fjölmarga þætti sem snúa að stöðu kynjanna eftir breytingarnar í efnahagslífinu. Þá er sérstök ástæða til að þakka öllum þeim sérfræðingum, hagsmunaaðilum og stofnunum sem lögðu hönd á plóg við vinnu jafnréttisvaktarinnar.

F.h. vinnuhópsins 31. mars 2009
Bryndís Ísfold Hlöðversdóttir formaður

A handwritten signature in black ink, appearing to read 'Bryndís Ísfold'.

2 Tillögur vinnuhópsins

- Áhrif á stöðu kynjanna verði metin við allar ákvarðanir stjórnvalda, sérstaklega við allar breytingar í rekstri hjá hinu opinbera og í atvinnuskapandi aðgerðum.
- Við allar breytingar og hagræðingu í starfsemi hins opinbera verði þess gætt að verja störf hjá hinu opinbera og vinna markvisst að því að reyna að stuðla að fjölgun starfa á hinum almenna markaði.
- Sérstaklega verði lögð áhersla á að verja störf tekjulágra einstaklinga og sérstaklega í störfum í velferðarkerfinu. Einkum verði horft til þess að aðgerðir, svo sem útboð á þjónustu, bitni ekki hlutfallslega verr á konum af erlendum uppruna með veikara félagslegt stuðningsnet og lakari réttindi á vinnumarkaði.
- Tryggt verði að aðgerðir í þágu atvinnusköpunar takmarkist ekki eingöngu við mannaflsfrekar framkvæmdir, gatnagerð og iðnað sem líklegt er að gagnist körlum fremur en konum, heldur nái einnig til starfa sem henta konum og körlum með fjölbreyttan bakgrunn.
- Við hvers kyns breytingar á framboði á heilbrigðisþjónustu verði tekið mið af ólíkum þörfum kynjanna og þess gætt að ekki halli á annað kynið í þeim breytingum.
- Þess verði gætt að umönnun sjúklunga verði ekki velt yfir á heimilin með ótímabærri útskrift sjúklunga af heilbrigðisstofnunum, en líklegt er að byrði af slíkri ólaunaðri umönnun lendi frekar á herðum kvenna en karla.
- Lögð verði fram forvarna- og viðbragðsáætlun um aukinn viðbúnað við hættu á auknu ofbeldi í nánnum samböndum. Reynsla erlendis og rannsóknir sýna að langvarandi atvinnuleysi og versnandi skuldastöðu heimilanna eykur hættu á aukningu á ofbeldi í nánnum samböndum. Því verði þess gætt í fyrsta lagi að efla stuðning stjórnvalda við forvarnastarf og meðferðarúrræði fyrir fórnarlömb ofbeldis, svo sem Kvennaathvarfið og Stígamót. Jafnframt verði rennt styrkari stoðum undir meðferðarúrræðið Karlar til ábyrgðar og tryggt að það nái til landsbyggðarinnar. Í því samhengi verði jafnframt hugað að því að lögleiða svokallaða „austurrísku leið“ sem snýst um að lögregla hafi heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili.
- Aðgerðum til að sporna gegn mansali sem fyrirhugaðar eru samkvæmt aðgerðaáætlun gegn mansali sem ríkisstjórnin samþykkti hinn 17. mars 2009 verði hrundið af stað hið allra fyrsta. Líkur benda til að hættan á mansali geti farið vaxandi um allan heim í kjölfar hinnar alþjóðlegu fjármálakreppu. Er hér sérstaklega hvatt til þess að Alþingi samþykki þegar í stað frumvarp sem miðar að því að banna nektardans og kaup á vændi.
- Þar sem rannsóknir benda til að karlar kunni að vera í meiri hættu en konur á að einangrast félagslega í kjölfar atvinnumissis og að þeir séu síður líklegir til að nýta þau félagslegu úrræði sem atvinnulausum kunna að bjóðast er brýnt að finna leiðir til að koma sérstaklega til móts við atvinnulausa karlmenn.
- Gerð verði gangskör að því að tryggja fjölbreytt námsframboð á vegum háskólanna í sumar.

- Fylgst verði áfram með því með hvaða hætti atvinnuleysi og breytingar á vinnumarkaði birtast með ólíkum hætti hjá körlum og konum. Nú þegar hefur verið settur á laggirnar sérfræðihópur á vegum velferðarvaktarinnar. Við þann hóp bætist sérfræðingur í kynjafræði og mælikvarðarnir kyngreindir eftir því sem við á. Mælikvarðarnir verði birtir á vefsíðunni island.is
- Halda þarf áfram að greina þróun viðhorfa og væntinga á vinnumarkaði svo unnt sé að mæla breytingar á viðhorfum kynjanna til atvinnuástandsins.
- Hlutverk jafnréttisfulltrúa ráðuneytanna verði eftir hvað snertir það verkefni að vakta áhrif efnahagsþrenginganna í starfsemi sem heyrir undir hvert ráðuneyti, svo sem einstaka aðgerðir og breytingar á vettvangi þeirra. Jafnréttisfulltrúar geri grein fyrir málum tengdum hverju ráðuneyti mánaðarlega við jafnréttisvaktina. Mikilvægt er að þeir sem gegna hlutverki jafnréttisfulltrúa séu meðal stjórnenda í hverju ráðuneyti svo tryggt sé að þeir komi að ákvarðanatöku.
- Tekin verði upp aðferðafræði kynjaðrar hagstjórnar í fjárlagagerð. Samkvæmt skilgreiningu Evrópuráðsins felst kynjuð hagstjórn annars vegar í að greina og meta áhrif fjárhagsáætlana á konur og karla á öllum stigum áætlunargerðarinnar og hins vegar að tryggja fjármagn til framfaraskrefa á sviði jafnréttismála.
- Þess verði betur gætt að hlutfall kynjanna í nefndum, ráðum og stjórnnum sé ávallt í samræmi við 15. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, en töluvert skortir á að þessu ákvæði laganna sé nægilega fylgt eftir.

3 Samþætting sjónarmiða beggja kynja í stefnumótun

Hugmyndafræðin um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða á rætur að rekja til kvennaráðstefnu Sameinuðu þjóðanna í Peking árið 1995. Í framhaldi af henni mótaði Evrópusambandið þá stefnu að ganga út frá meginreglunni um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða í öllu starfi varðandi jafnrétti kynjanna. Íslensk stjórnvöld hafa á alþjóðavettvangi, svo sem innan Sameinuðu þjóðanna og Evrópuráðsins, átt þátt í að samþykkja meginregluna um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða. Samkvæmt skilgreiningu Sameinuðu þjóðanna er samþætting jafnréttissjónarmiða það ferli að meta afleiðingar tiltekinna aðgerða, svo sem lagasetningar, stefnumótunar og ákvarðana á konur og karla á öllum sviðum. Með samþættingu er tekið tillit til áhyggjuefna og reynslu kvenna jafnt sem karla við mótun, útfærslu, eftirlit og mat á stefnum og aðgerðum, hvort sem er á hinu pólitíska, efnahagslega eða félagslega sviði. Með þeim hætti verði reynt að tryggja að konur og karlar njóti gæða samfélagsins að jöfnu og misskipting verði upprætt, hafi hún verið til staðar. Markmið samþættingar jafnréttissjónarmiða er að ná fram jafnrétti kynjanna.

Kynjasamþætting er skilgreind í 6. tölul. 2. gr. laga um jafna stöðu og jafnan rétt kvenna og karla, nr. 10/2008, með eftirfarandi hætti: Að skipuleggja, bæta, þróa og leggja mat á stefnumótunarferli þannig að sjónarhorn kynjajafnréttis sé á öllum sviðum fléttað inn í stefnumótun og ákvarðanir þeirra sem alla jafna taka þátt í stefnumótun í samfélaginu.

Til að markmiðið um samþættingu kynja- og jafnréttissjónarmiða nái fram að ganga er nauðsynlegt að pólitískur vilji sé fyrir hendi og að stjórnvöld hafi skýra jafnréttisstefnu að leiðarljósi. Til að innleiða kynjasamþættingu í stjórnkerfið þarf að þekkja hvernig stefnumótun fer fram, hverjir koma að henni og hvar sérþekking er til staðar á jafnréttismálum innan stjórnsýslunnar. Sérþekking er grundvallaratriði í því að framkvæmd samþættingar skili árangri. Ef hún er ekki fyrir hendi verður samþætting aðeins í orði en ekki á borði. Án jafnréttisþekkingar og -greiningar er samþætting seinvirkari, máttlausari og árangursminni en samþætting sem byggir á haldgóðri jafnréttissamfélagsþekkingu og -greiningu. Líkt og í öllu öðru þarf fjárhagslegur stuðningur að vera til staðar svo unnt sé að fjármagna vinnu að samþættingu.

4 Áhrif kvenna og karla í endurreisn íslensks efnahagslífs

Í kjölfar bankahrunsins síðastliðið haust standa Íslendingar frammi fyrir erfiðum aðstæðum. Til að bregðast við hafa íslensk stjórnvöld hrint í framkvæmd brýnum og mikilvægum aðgerðum, einkum í þágu heimila og atvinnulífs. Við mótun og framkvæmd aðgerða er mikilvægt að huga sérstaklega að jafnréttismálum. Innleiðing jafnréttissjónarmiða þarf að eiga sér stað á mörgum sviðum samtímis og því er brýnt að við allar ákvarðanir sé tekið mið af þeim áhrifum sem þær geta haft á karla og konur.

Jafnréttis þarf að gæta við alla ákvarðanatöku. Forsenda þess er jafn aðgangur karla og kvenna að öllum þeim stöðum í samfélaginu þar sem ákvarðanir eru teknar. Mikilvægt er að stjórnvöld sýni virðingu fyrir lögbundinni skyldu sinni og tryggji konum jafnan hlut við skipanir í nefndir, ráð og stjórnir. Sérstaklega verði að huga að jafnrétti við ákvarðanatöku innan stjórnsýslunnar. Jafnréttisfulltrúar ráðuneyta skipa þar veigamikinn sess. Nauðsynlegt er að styrkja starf þeirra enn frekar.

Löggjafarvaldið hefur, með lagasetningu og við breytingar á lögum, mikilvægt tækifæri til þess að jafna möguleika karla og kvenna. Það er því brýnt að tekið sé tillit til jafnréttissjónarmiða strax á undirbúningsstigi lagasetningar.

Sértækar aðgerðir í atvinnumálum geta ekki skilað árangri nema með hagsmuni allra að leiðarljósi. Til þess að tryggja jafnrétti verða stjórnvöld að miða aðgerðir sínar við hagsmuni beggja kynja. Áhersla er lögð á að hugmyndafræði samþættingar kynjasjónarmiða sé leiðarljós við alla stefnumótun ríkisstjórnarinnar. Til að tryggja að samþætting kynjasjónarmiða nái fram að ganga með aðferðafræði samþættingar er afar brýnt að ábyrgð og yfirstjórn með slíkri samþættingu sé í forsætisráðuneytinu.

Einnig er mikilvægt að samþætting eigi sér stað áður en lokaákvörðun er tekin um mál og skoðað hver eru líkleg áhrif stefnumótunar eða ákvörðunar á stöðu kynjanna. Er því nauðsynlegt að styrkja enn frekar þekkingu allra þeirra sem koma að ákvarðanatöku og hefur jafnréttisvaktin óskað eftir því við félags- og tryggingamálaráðherra að ráðherrum, ráðuneytisstjórum, þingmönnum, sveitarstjórnarmönnum og sveitarstjórum verði sendur sérstakur gátlisti sem hefur verið útbúinn af Jafnréttisstofu og forsætisráðuneytinu til að nýta við slíka greiningu á ákvörðunum.

Enn fremur er mikilvægt að tryggja að þeir sem gegna stöðu jafnréttisfulltrúa innan ráðuneytanna séu nýttir til ráðgjafar við stórar ákvarðanir sem ljóst er að geti haft ólík áhrif á stöðu kynjanna, svo sem tillögur um atvinnusköpun.

Mikilvægt er því að þeir sem veljast í stöðu jafnréttisfulltrúa séu samhliða því starfi í stjórnendastöðu í viðkomandi ráðuneyti eða séu í stöðu til að veita ráðgjöf við ákvarðanatöku eða við undirbúning frumvarpa. Þá er mjög mikilvægt að jafnréttisfulltrúar ráðuneytanna búi yfir góðri þekkingu á jafnréttismálum og samþættingaraðferðinni, líkt og gert er ráð fyrir í 13. gr. laganna um jafnan rétt og jafna stöðu kvenna og karla nr. 10 / 2008.²

Setja þarf upp skilvirka verkferla sem felast í því að samræma enn frekar mat og eftirfylgni jafnréttisfulltrúanna á ákvörðunum sem undirbúnar eru í ráðuneytunum. Töluverður styrkur gæti falist í því að efla hlutverk þeirra á

² 13. gr. Jafnréttisfulltrúar.

Í sérhverju ráðuneyti skal starfa [jafnréttisfulltrúi](#) sem hefur sérþekkingu á [jafnréttismálum](#). [Jafnréttisfulltrúi](#) fjallar um og hefur eftirlit með [jafnréttisstarfi](#) á málefnasviði viðkomandi ráðuneytis og stofnana þess, þar á meðal skal hann vinna að kynjasamþættingu á málefnasviði ráðuneytisins. [Jafnréttisfulltrúi](#) skal árlega senda [Jafnréttisstofu](#) greinargerð um [stöðu](#) og þróun [jafnréttismála](#) á málefnasviði viðkomandi ráðuneyti

næstu mánuðum við að vakta áhrif efnahagsþrenginga á starfsemi sem heyrir undir hvert ráðuneyti, aðgerðir og áhrif annarra breytinga í samvinnu við jafnréttisvaktina.

Í skýrslu³ um samantekt ráðuneytanna á aðgerðum vegna falls bankanna og áhrif þess á efnahagslífið má finna greinargóðar upplýsingar um þau verkefni sem ráðist hefur verið í síðustu vikur og mánuði. Að sama skapi má finna á vefnum island.is, sem forsætisráðuneytið heldur úti, verkefnaskrá ríkisstjórnarinnar og yfirlit yfir stöðu mála. Vinnuhópurinn fylgdist að einhverju leyti með framgangi mála hjá stjórnvöldum en sérstaklega er horft til aðgerða sem snúa að atvinnusköpun, hugmynda um niðurskurð hjá hinu opinbera, skipanar í nefndir, ráð og stjórnir og svo til frumvarpa sem lögð hafa verið fyrir þingið.


³ <http://www.island.is/media/frettir/Samantekt.pdf>

5 Atvinnuleysi

Efnahagsþrengingarnar síðustu mánuði hafa haft áhrif á stöðu fjölda einstaklinga á íslenskum vinnumarkaði. Jafnréttisvaktinni er ætlað að fylgjast með þróuninni með sérstaka áherslu á ólík áhrif á kynin.

5.1 Staðan á vinnumarkaði

Samkvæmt upplýsingum frá Hagstofu Íslands voru 178.600 manns starfandi í árslok 2008, 140.600 voru í fullu starfi og 38.000 í hlutastarfi. Konur voru um 46% starfandi á vinnumarkaði og karlar um 54%. Vinnumálastofnun birtir mánaðarlega skýrslu um atvinnuástandið hérlendis. Af gögnum Vinnumálastofnunar má sjá að atvinnuleysi hefur aukist úr 1,1% í júlí 2008 í 8,9% í mars 2009. Í mars 2009 var meðalfjöldi atvinnulausra 14.546, 5.085 konur og 9.461 karlar. Þróun atvinnuleysis frá júlí 2008 til mars 2009 má sjá á mynd 1.



Mynd 1: Þróun atvinnuleysis, karla og kvenna, frá júlí 2008 til mars 2009.

5.2 Launapróun hjá ríkinu


Starfsmenn ríkisins sem eru í 33% starfi eða meira eru um 20.000 og sinna þeir um 18.600 ársverkum. Fjölmennustu hóparnir starfa á sviði heilbrigðismála, menntamála og löggæslu. Störf hjá ríkinu eru mjög fjölbreytt og mikið er um sérfræðistörf, en um 57% starfsmanna ríkisins eru með háskólamenntun. Starfsmenn ríkisins eru að miklum meirihluta konur eða 62%.

Rétt er að geta þess að áhrif breytts efnahagsástands gætir í launapróun og launasetningu ríkisins með meiri töf en gengur og gerist á almennum vinnumarkaði. Breytt fjárlög fyrir árið 2009 voru samþykkt í desember 2008 og hafa stofnanir nýtt undanfarnar vikur til að leita leiða til hagræðingar í rekstri. Hafi þessar breytingar áhrif á laun mun þeirra ekki gæta fyrir en með vorinu, enda er yfirleitt a.m.k. þriggja mánaða fyrirvari á einhliða breytingu launakjara. Sami fyrirvari eða lengri gildir þegar störf eru lögð niður.

Könnuð hefur verið launapróun ríkisstarfsmanna frá júlí 2007 til og með janúar 2009 með tilliti til þess hvort að laun karla og kvenna hafi þróast með ólíkum hætti undanfarna mánuði. Með vísan til framangreinds er ljóst að of snemmt er að segja til um hvort að launapróun kynjanna sé með ólíkum hætti. Út frá samanburði heildarlauna í janúar 2008 og janúar 2009 er ekki hægt að greina annað en að launapróun kynjanna sé sambærileg.

Ef litið er til kyns, aldurs og búsetu þeirra sem voru atvinnulausir í febrúar sést að efnahagsþrengingarnar hafa haft nokkuð meiri áhrif á atvinnu karla, þeirra sem yngri eru og þeirra sem búa á höfuðborgarsvæðinu en annarra hópa. Í lok febrúar voru 1.858 karlar sem starfað höfðu sem iðnaðarmenn skráðir atvinnulausir á höfuðborgarsvæðinu flestir undir 40 ára aldri. Á landsbyggðinni voru 810 iðnaðarmenn skráðir atvinnulausir á sama tíma en þar af 406 undir fertugu. Flestar þær konur sem skráðar voru atvinnulausar á höfuðborgarsvæðinu í lok febrúar og voru undir fertugu höfðu starfað við ýmis þjónustustörf eða sölu- og afgreiðslustörf. Af þeim konum sem eru eldri en 40 ára og búsettar eru á landsbyggðinni höfðu flestar þeirra starfað við ýmis þjónustustörf en á höfuðborgarsvæðinu höfðu flestar konurnar á þessum aldri starfað við skrifstofustörf eða sem sérmenntað starfsfólk. Fjöldi atvinnulausra með börn hefur aukist úr 1.681 í október 2008 í um 5.000 í lok janúar 2009. Mest er aukningin meðal karla á aldrinum 30-49 ára.

Samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun voru 3.052 einstaklingar skráðir í lok febrúar 2009 í hlutastörfum, 1.576 karlar og 1.476 konur. Hefur einstaklingum í hlutastörfum fjölgað um 70% frá því í nóvember 2008 og um 30% frá janúar 2009. Með hlutastarfi er átt við 50% starfshlutfall eða meira. Þeir sem eru í minnkuðu starfshlutfalli í febrúar 2.105, 1.207 karlar og 898 konur.



Mynd 2: Fjöldi einstaklinga í hlutastörfum.

Í könnun Markaðs- og miðlarannsóknna sem gerð var í febrúar í ár mældist fjöldi þeirra sem hafði sætt skerðingu á starfshlutfalli 17,7%. Samkvæmt spá Vinnumálastofnunar má búast við að atvinnuleysi í mars 2009 verði 8,9% samanborið við 8,2% í febrúar. Vinnumálastofnun gerir áfram ráð fyrir aukningu atvinnulausra og spáir stofnunin 9,2% atvinnuleysi í apríl 2009.

5.3 Ástæður atvinnuleitar

Samdráttur er helsta ástæða uppsagna þeirra sem voru í atvinnuleit og á atvinnuleysissskrá í byrjun mars 2009 samkvæmt upplýsingum frá Vinnumálastofnun. Minnkandi starfshlutfall, tímabundin ráðning og annað eru aðrar helstu ástæður uppsagna. Þegar tölur um ástæður atvinnuleitar eru skoðaðar kemur í ljós að nokkur munur er meðal karla og kvenna í nokkrum flokkum.

Tafla 1: Ástæður atvinnuleitar hjá körlum og konum utan atvinnu í lok febrúar 2009.

Röðun ástæðna	Karlar	Konur	Alls	Karlar % heildar	Konur % heildar
1 Uppsögn vegna samdráttar	4.670	1.929	6.599	70,8%	29,2%
2 Minnkað starfshlutfall	1229	923	2.152	57,1%	42,9%
3 Var í tímabundinni vinnu / ráðningu	704	580	1.284	54,8%	45,2%
4 Minnkað starfshlutfall - sjálfstætt starfandi	871	146	1.017	85,6%	14,4%
5 Missti vinnu - aðrar ástæður	429	301	730	58,8%	41,2%
6 Sagði upp / hætti störfum - aðrar ástæður	361	355	716	50,4%	49,6%
7 Aðrar ástæður - ótilgreindar	325	308	633	51,3%	48,7%
8 Var sjálfstætt starfandi	339	100	439	77,2%	22,8%
9 Gjaldþrot atvinnurekanda	224	112	336	66,7%	33,3%
10 Var í takmarkaðri vinnu / hlutastarfi	115	103	218	52,8%	47,2%
> Aðrar ástæður tilgreindar...	526	745	1.271	46,6%	53,4%
Samtals án atvinnu	9.793	5.602	15.395	63,6%	36,4%

5.4 Stúdentar

Stúdentar við háskóla á Íslandi hafa að öllu jöfnu getað fengið vinnu í sumarleyfum sínum. Að mati Vinnumálastofnunar munu stúdentar eiga mun erfiðara með að fá sumarvinnu í ár en áður. Árið 2008 stunduðu um 18.000 stúdentar nám við háskóla á Íslandi að einhverju leyti og voru konur um 63% stúdenta á öllu landinu. Í Háskóla Íslands nálgast hlutfall kvenna 70%. Dagana 9.–12.mars var gerð könnun af starfshópi um atvinnuhorfur háskólastúdenta meðal stúdenta við háskólana á Íslandi. Alls tóku 2.437 stúdentar þátt í könnuninni. Af þeim sem svöruðu eru 65% sem hafa ekki fengið sumarvinnu en hafa áhuga á að vinna í sumar. Þá telja 74% þeirra sem ekki hafa fengið vinnu frekar litlar eða mjög litlar líkur á því að þau fái sumarvinnu. Enn fremur segjast 76% stúdenta sem tóku þátt í könnunni að þau myndu velja það að stunda sumarnám ef slíkt stæði til boða og 64% myndu nýta sér námslán á sumarönn. Samkvæmt upplýsingum frá Lánasjóði íslenskra námsmanna eru um 4.207 einstaklingar sem fengu námslán á árunum 2007–2008 með eitt barn eða fleiri á framfæri. Síðustu tölur yfir heildarfjölda lánþega fyrir námsárið 2007-2008 eru 11.013 lánþegar. Af þeim eru karlar 4.192 og konur 6.821.

Ljóst er að vegna samdráttar í atvinnulífi eru horfur um sumarvinnu, sem námsmenn hafa reitt sig á, mun verri en á liðnum árum og þörf er á að grípa til sérstakra aðgerða til þess að bæta þar úr ef nokkur kostur er. Starfshópur stýrihóps ríkisstjórnarinnar í atvinnumálum hefur gert könnun meðal stúdenta varðandi möguleika þeirra á sumarvinnu og mun hópurinn á næstum vikum meta vandann varðandi sumarvinnu stúdenta.


Stúdentaráð háskólanna hafa lýst yfir vilja nemenda um að teknar verði upp sumarannir svo ekki skapist atvinnuleysi meðal stúdenta. Líkur eru á að töluvert atvinnuleysi skapist, sem leitt geti til þess að mikill fjölgun yrði meðal þeirra sem sækja um fjárhagsaðstoð hjá sveitarfélögum. Hlutfallslega eru konur fleiri meðal

háskólanemenda og ljóst að mikill meirihluti einstæðra foreldra er konur. Því má ætla að ef atvinnuleysi skapast meðal stúdenta þá hafi það hlutfallslega meiri áhrif á konur en karla.


Samkvæmt upplýsingum frá Finnlandi voru það einstaklingar sem voru á leið inn á vinnumarkaðinn úr námi sem lentu í hvað mestu erfiðleikum þar í landi þegar kreppan skall á. Þetta var sá hópur sem var utan vinnu í hvað lengstan tíma og margir hverjir úr þessum hóp áttu erfitt með að ná fótfestu þegar ástandið fór batnandi.

5.5 Erlendir ríkisborgarar

Miklar breytingar hafa orðið á íslenskum vinnumarkaði síðustu árin þar sem fjöldi erlendra starfsmanna hefur aukist mikið. Í lok ársins 2008 voru áætlaðir af Vinnuálagstofnun á bilinu 12–13.000 erlendir ríkisborgarar á íslenskum vinnumarkaði. Við lok febrúar 2009 voru 1.956 erlendir ríkisborgarar, þar af 1.264 pólskir ríkisborgarar, skráðir atvinnulausir hérlandis. Langflestir þeirra voru starfandi við mannvirkjagerð.



Mynd 3: Fjöldi atvinnulausra eftir erlendu ríkisfangi í lok febrúar 2009.



Mynd 4: Hlutfall kynja meðal atvinnulausra eftir erlendu ríkisfangi í lok febrúar 2009.


Ekki er að sjá að kynjahlutfall þeirra sem eru með annað ríkisfang og eru atvinnulausir sé ósvipað því kynjahlutfalli sem er hjá heildarfjölda atvinnulausra. Þess ber þó að geta að töliverður fjöldi einstaklinga sem ekki er skráður inn í landið hefur leitað til Alþjóðahúss eftir ráðgjöf um réttindastöðu. Erfitt er að gera sér grein fyrir því hversu stór sá hópur er. Í samtölum við hagsmunaaðila og sérfræðinga komu upp sérstakar áhyggjur af þeim kvennastéttum sem séð hafa meðal annars um ræstingar á heilbrigðisstofnunum og hjá öðrum opinberum stofnunum. Bent var á að fyrirhugað væri að bjóða þessi störf út í einhverjum mæli. Er sérstaklega mikilvægt að skoða stöðu þessa hóps við slíkar uppsagnir, sérstaklega þar sem tap á uppsöfnuðum réttindum hlýst af. Auk þess er ekki tryggt að starfsmennirnir séu endurráðnir hjá nýjum rekstraraðila og hvort um sé að ræða launalækkun, en ljóst er að þessi hópur er með fremur lág laun og er því í aukinni hættu á að lenda í fátækt en aðrir. Því er ástæða til þess að vera sérstaklega vakandi fyrir áhrifum hagræðingar á konur af erlendum uppruna.

6 Viðbrögð karla og kvenna við atvinnuleysi

Eitt af verkefnum vinnuhóps um áhrif efnahagsástandsins á stöðu kynjanna er að leita skýringa á áhrifum almennra breytinga á vinnumarkaði og hvernig þau áhrif birtast með ólíkum hætti meðal karla og kvenna.


6.1 Atvinnuhorfur atvinnulausra

Í síðustu viku nóvember árið 2008 gerði Vinnumálastofnun könnun meðal 900 einstaklinga á suðvesturhorni landsins og á Norðurlandi eystra sem eru virkir á vinnumarkaði. Spurt var um stöðu fólks á vinnumarkaði jafnframt því sem fólk var beðið um að leggja mat á sínar eigin atvinnuhorfur næstu þrjá mánuði, í desember 2008, janúar og febrúar 2009.



Mynd 5: Hversu líklegt telur þú að breyting verði á þínu starfi næstu þrjá mánuði, starfshlutfall þitt verður skert.

Þegar þátttakendur voru spurðir um mögulegar breytingar á eigin vinnu voru niðurstöður á þann veg að nokkur meirihluti svarenda taldi að ekki kæmi til breytinga. Konur voru í meirihluta þeirra sem svöruðu því til að það sé frekar eða mjög ólíklegt að starfshlutfall þeirra verði skert.



Mynd 6: Hversu líklegt telur þú að breyting verði á þínu starfi næstu þrjá mánuði, þér verður sagt upp störfum.

Konur eru einnig í meirihluta þeirra sem svörðu því til að það sé frekar eða mjög ólíklegt að þeim verði sagt upp störfum. Því má ætla að karlar hafi oftár áhyggjur af því að efnahagsþrengingar hafi áhrif störf þeirra, hvort heldur til skerts starfshlutfalls eða uppsagnar.

Vilji til búferlaflutninga vegna atvinnumissis var einnig athugaður í könnun Vinnumálastofnunar. Fólk úr byggingariðnaði og iðnaði horfir fremur til þess en aðrir að flytja sig búferlum bjóðist vinna við hæfi á öðrum stað, því næst fólk úr verslunargeira og ferðaþjónustu, en minna úr annarri þjónustustarfsemi og opinberri þjónustu. Talsvert fleiri karlar telja líklegt að þeir flytji en konur og þeir yngri eru heldur líklegri en þeir sem eldri eru. Niðurstöður úr fyrrnefndri könnun eru gagnlegar til þess að greina þróun viðhorfa og væntinga á vinnumarkaði. Því er mikilvægt að svipuðum gögnum verði áfram safnað til að unnt sé að mæla breytingar á viðhorfum kynjanna til atvinnuástandsins.

Atvinnuþátttaka kvenna hérlendis er í dag mun meiri en gengur og gerist í Evrópu. Evrópusambandið hefur sett sér markmið um 60% atvinnuþátttöku kvenna árið 2010 og birt í Lissabon-samkomulaginu. Atvinnuþátttaka íslenskra kvenna árið 2008 var rúm 77% samanborið við 87e% atvinnuþátttöku karla á sama tíma.

Í samtölum við ráðgjafa og sérfræðinga hjá Vinnumálastofnun koma fram vísendingar sem gefa til kynna að líðan atvinnulausra sé nátengd lengd þess tíma sem atvinnuleysi varir. Í dag, ólíkt atvinnuleysi á Íslandi síðustu árin, er algengara að einstaklingar fái ekki vinnu á því tímabili sem fellur undir tekjutengingu atvinnuleysisbóta. Eftir þriggja mánaða tekjutengingu atvinnuleysisbóta kemur til þess að bætur geta lækkað umtalsvert. Það er sérstaklega á því tímabili sem atvinnuleysi verður erfitt.

Þegar atvinnuleysi jókst í Svíþjóð í kjölfar efnahagsþrenginga á árunum upp úr 1990 sýndu rannsóknir að karlar urðu atvinnulausir fyrr en konur, meðan til lengri tíma voru það hins vegar konur sem misstu frekar vinnuna sökum samdráttar. Ástæður þessa liggja helst í því að konur áttu erfiðara með að fá vinnu aftur þegar

atvinnuástand batnaði. Eins kom atvinnuleysi harðar niður á ungum körlum en ungum konum á fyrstu árum samdráttar, en eins og hjá körlum almennt þá fengu þeir fyrr vinnu þegar atvinnuástandið batnaði.

Þegar leitað var eftir upplýsingum hjá ráðgjöfum og sérfræðingum Vinnumálastofnunar um hvort viðbrögð kynjanna við atvinnuleysi séu ólík, lögðu þeir áherslu á að líttími hafi gefist til greiningar á ástandinu, sérstaklega með tilliti til einstaklinga og einstaklingsbundinna viðbragða við atvinnuleysi. Hins vegar sé ljóst út frá þeim viðtölum sem tekin eru við umsækjendur atvinnuleysisbóta að nokkur munur er á körlum og konum. Tiltakið var hversu áberandi erfiðara það er fyrir karla að þiggja aðstoð í formi úrræða sem boðið er upp á. Þetta eigi sérstaklega við um námskeið, fræðslu og einstaklingsviðtöl. Á meðan karlar sækja heldur stuðning til jafningja, annarra karla í svipaðri stöðu, þá séu konur duglegri að sækjast eftir handleiðslu í formi þeirrar þjónustu sem í boði er.

Þótt ennþá sé of snemmt að segja fyrir um þróunina þegar kemur að möguleikum einstaklinga til að komast aftur inn á vinnumarkaðinn þá hefur það vakið athygli að eldri karlar vilja síður leita eftir vinnu sem fellur utan eigin starfsreynslu. Konur, hvort heldur yngri eða eldri, eru aftur á móti oftari opnari fyrir því að sækja um störf sem ekki falla að starfsreynslu þeirra. Sérstaklega er þetta talið eiga við um konur sem ekki hafa háskólamenntun eða sérstaka iðnmenntun.

6.2 Tengsl atvinnuleysis og sjálfsmyndar

Vinna tengist sjálfsmynd einstaklinga og hafa rannsóknir gefið vísbendingar um að íslenskir karlmenn tengja sjálfsmynd sína við vinnu í meiri mæli en konur. Þegar staðalmyndir kynja eru mátaðar við möguleg viðbrögð við atvinnuleysi og atvinnumissi er nærtækt að leggja áherslu á þau félagslegu úrræði (tengslanet) sem eru ólík hjá konum og körlum. Það hefur sýnt sig að konur eru líklegri til að leita eftir aðstoð og falast því frekar eftir þeim úrræðum sem í boði eru. Karlar eru hins vegar líklegri til að einangra sig félagslega í kjölfar atvinnumissis. Sérstök hættu er á að félagsleg einangrun karla verði þungbærari þegar atvinnuleysi er langvarandi. Vísbendingar um slíkt komu meðal annars fram í viðtölum við sérfræðinga og ráðgjafa á Vinnumálastofnun. Eitt af verkefnum jafnréttisvaktarinnar verður að fylgjast með þessari þróun og hvetja til úrbóta þar sem þess gerist þörf.

7 Félagsleg áhrif

Vinnuhópurinn leitaði álits innlendra og erlendra sérfræðinga um mögulegar félagslegar afleiðingar efnahagsþrenginganna. Það er ljóst að áhrifin eru margþætt og ekki er hægt að spá með fullri vissu fyrir um hvernig þessi mál munu þróast. Meiri líkur eru þó á vissum félagslegum afleiðingum en öðrum að mati þeirra sérfræðinga sem hópurinn leitaði til. Þá gætti nokkurs samhljóms á meðal sérfræðinga um þau atriði.

Í slæmu árferði aukast bæði afbrot og félagsleg vandamál. Þessi aukning kemur alla jafna harðast niður á þeim sem eru í viðkvæmri félagslegri og efnahagslegri stöðu fyrir. Þetta á sérstaklega við um einstæðar mæður, sem eru langstærsti hluti einstæðra foreldra. Hér verður að hafa í huga að þessi hópur hefur lengi verið óvenju stór á Íslandi. Vegna stöðu sinnar búa einstæðir foreldrar gjarnan við meira álag en foreldrar í sambúð. Þá hafa einstæðir foreldrar ekki þann sálræna stuðning sem sambúðarfólk hefur af maka sínum, en það hjálpar fólki að takast á við aukið álag og áhyggjur. Fjárhagsstaða einstæðra foreldra er alla jafna verri en foreldra í sambúð. Fjárhagslegt sjálfstæði kvenna er ein af meginforsendum þess að þær geti bundið enda á óhamingjuríkan hjúskap. Versnandi fjárhagsstaða heimilanna, aukin greiðslubyrði, vaxandi skuldir og minnkandi kaupmáttur geta hæglega orðið til þess að konur sem verða fyrir andlegu, líkamlegu eða kynferðislegu ofbeldi af hálfu sambýlismanna/eiginmanna sinna eiga mjög erfitt með að slíta sambandinu og koma undir sig fótunum. Þetta er sérstakt áhyggjuefni í ljósi þess að vandamál á borð við áfengis- og vímuefnaneyslu og heimilisofbeldi aukast í kveppum.

Staðan á vinnumarkaði kann að hafa áhrif á valdajafnvægi vinnuveitenda og launþega. Konur sem líða fyrir ótryggt atvinnuástand eru í verri stöðu til að verjast og kæra kynferðislega áreitni. Með auknu atvinnuleysi er hættu á því að slík áreitni færast í aukana.

Það er mikilvægt að búa svo um hnútana að þeir sem missa vinnuna geti beint kröftum sínum í einhvern farveg sem kemur í stað vinnunnar. Erlendar rannsóknir hafa sýnt að vinnuframlag atvinnulausra karla á heimili er jafnvel minna en framlag kynbræðra þeirra sem eru í launaðri vinnu. Þetta felur í sér aukið álag á konur þessara manna. Þetta er óheppilegt fyrir báða aðila enda ljóst að aukið framlag á heimili og aukin þátttaka karlmannna í lífi barna sinna getur bætt upp fyrir margar af verstu meinsemdum atvinnuleysis. Þótt ekki séu til sambærilegar rannsóknir til á Íslandi má ætla að viðbrögð íslenskra karla, sem eiga fjölskyldu, geti verið nokkru leyti ólík því sem gerist annars staðar. Þannig má vera að lögbundinn réttur íslenskra karla til fæðingarorlofs geti haft jákvæðari áhrif á viðhorf karla til þátttöku í uppeldi og heimilisstörfum við atvinnumissi en erlendar rannsóknir hafa sýnt. Í samtölum við félags- og kynjafræðinga hefur því verið varpað fram að möguleg viðbrögð karla við atvinnumissi kunni að leiða til aukinnar þátttöku í heimilisstörfum og uppeldi. Þá er mikilvægt að hafa í huga að rétt eins og karlar hafa tilhneigingu til þess að einangra sig félagslega við atvinnumissi, þá eru uppi vísbendingar um að slíkt hið sama geti gerst þegar karlar eða feður eru heimavinnandi og sjá um uppeldi barna.

Stærsti hópur þeirra sem hafa fengið fjárhagsaðstoð frá sveitarfélögum á undanförunum árum eru einhleypir karlar. Nauðsynlegt er að skoða áhrif atvinnuleysis á einhleypa karlmenn sem eru félagslega einangraðir og eru til dæmis ekki í miklum tengslum við fjölskyldu sína, en sá hópur er í aukinni hættu á að einangrast enn frekar í kjölfar atvinnumissis.

Atvinnulausum karlmönnum er sérstaklega hætt við geðrænum vandamálum, heilsufarsbresti og neysl vandamálum. Í augnablikinu vex atvinnuleysi hraðar á meðal karla en kvenna. Það er mikilvægt að hjálpa þeim karlmönnum sem missa vinnuna að aðlagast nýjum aðstæðum og finna kröftum sínum farveg.

Á sama tíma og samdráttur á sér stað á hinum almenna vinnumarkaði hefur hægst verulega á nýráðningum hjá hinu opinbera. Þetta felur í sér umtalsverða hættu. Breytingar á almennum vinnumarkaði koma þyngra niður á körlum en breytingar hjá hinu opinbera koma harðar niður á konum. Verði hægt verulega á ráðningum hjá hinu opinbera leiðir það til þess að atvinnutækifæri þeirra sem eru að ljúka námi minnka. Það er hætta á því að afleiðingin verði að heil kynslóð „týnist“, þ.e. nái ekki fótfestu á vinnumarkaði. Því fylgja slæmar félagslegar afleiðingar til lengri tíma litið sem hafa varanleg áhrif á lífsgæði þessa hóps. Ef samfélagsleg sátt á að vera um endurmótun/enduruppbyggingu samfélagsins þá má hún ekki eiga sér stað á kostnað afmarkaðra hópa. Því er mikilvægt að standa vörð um störf á vegum hins opinbera og gæta þess að ekki halli á annað kynið við nýráðningar og atvinnusköpun.

Þegar líður á efnahagskreppuna má gera ráð fyrir því að atvinnuleysi kvenna aukist. Ástæðurnar eru margþættar. Til dæmis má ætla að ýmis störf verði endurskilgreind, þ.e. störf sem í dag eru talin „kvennastörf“ verði endurskilgreind sem „karlastörf“. Þá gerist það gjarnan að í efnahagskreppum að svokölluð fyrirvinnu-hugmyndafræði festist í sessi á þann veg að almenningi, vinnuveitendum og jafnvel stjórnvöldum þyki eðlilegt að karlar hafi forgang um vinnu. Þetta getur haft langvarandi og neikvæðar afleiðingar fyrir atvinnu- og framamöguleika kvenna, kynbundinn launamun og verkaskiptingu, og möguleika samfélagsins til að nýta mannauð kvenna til uppbyggingar efnahagslífs og samfélags.

Hér hafa verið talin upp ýmis félagsleg áhrif efnahagsþrenginga sem er nauðsynlegt er að fylgjast náið með. Nánari útlistanir á félagslegum afleiðingum efnahagskreppunnar munu koma fram í skýrslum jafnréttisvaktarinnar í framtíðinni. Þá má gera ráð fyrir að ýmsar ófyrirséðar afleiðingar muni koma í ljós þegar fram líða stundir.

8 Kynbundið ofbeldi

Sé mið tekið af reynslu annarra þjóða í sambærilegum aðstæðum má ætla að glæpum muni fjölga í kjölfar efnahagsþrenginganna. Í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra frá febrúar 2009 kemur fram að skipulögð glæpastarfsemi muni aukast og margir nýir möguleikar fyrir afbrotamenn kunni að skapast. Gera má ráð fyrir fjölgun innbrota og að þjófnaðir verði tíðari. Þá kemur einnig fram í skýrslu greiningardeildar að hér á landi sé skipulögð vændisstarfsemi. Varað er við að þessi starfsemi muni aukast í kjölfar efnahagsþrenginga og aukins

atvinnuleysis. Mikilvægt er að gera ráðstafanir til þess að fyrirbyggja að slíkt gerist, sérstaklega í ljósi þeirra hörmulegu afleiðinga sem vændi hefur fyrir konur sem í ljósi aðstæðna búa við skipulagt ofbeldi og kúgun.

8.1 Ofbeldi í nánnum samböndum

Samkvæmt upplýsingum frá Kvennaathvarfinu hafa komur í Kvennaathvarfið ekki sérstök aukning síðustu mánuðina. Engu að síður er greinanleg breyting í þá veru að konum af erlendum uppruna hefur fækkað hlutfallslega miðað við konur af íslenskum uppruna og miðað við fjölda þeirra á síðustu árum. Þá er hlutfall þeirra sem fara aftur heim í óbreyttar aðstæður mun hærra en áður.

Margt getur aukið líkurnar á því að fólk beiti ofbeldi. Til orsaka eru oft talin tengsl ofbeldis og áfengis- eða vímuefnaneyslu, fjárhagslegt og félagslegt öryggisleysi, reynsla af ofbeldi úr æsku, þekkingarleysi við að bregðast við tilfinningum og breytt valdahlutföll á heimili. Vitað er að atvinnuleysi eitt og sér hefur leitt af sér aukið ofbeldi í nánnum samböndum og má því ætla að sú verði raunin hér á landi samhliða versnandi efnahagsástandi.

Niðurstöður úr nýlegri könnun á ofbeldi karla gegn konum, sem félags- og tryggingamálaráðuneytið fól Rannsóknasetri í barna- og fjölskylduvernd við Háskóla Íslands að gera, kemur í ljós að um 42% kvenna á Íslandi hafa sætt ofbeldi einhvern tíma á ævinni frá 16 ára aldri. Af niðurstöðum má ætla að um 2.400 konur hafi verið beittar líkamlegu ofbeldi á síðustu 12 mánuðum. Jafnframt sögðust um 22% kvenna einhvern tíma á ævinni hafa verið beittar ofbeldi af maka eða fyrrverandi maka. Af þeim sögðust 26% hafa verið í lífshættu þegar þær voru síðast beittar ofbeldi og 41% þeirra sagði að sér hefi verið unnið líkamlegt mein.⁴

Framkvæmdastjórar Kvennaathvarfsins og Alþjóðahússins eru sammála um að samhliða slæmu efnahagsástandi aukist líkurnar á því að konur sem sæta heimilisofbeldi einangrist. Samhliða atvinnuleysi kvenna sem sæta heimilisofbeldi rofni jafnframt félagsleg sambönd sem þær mynda í gegnum vinnuna og fækki því möguleikum þeirra til að segja frá ofbeldinu og biðja um hjálp. Með þessu móti verði konan einnig fjárhagslega skuldbundnari manni sínum og því aukist enn valdamismunur í samböndum. Enn fremur hefur efnahagsástandið þær afleiðingar að vegna skuldastöðu heimilanna og nánast stöðvunar á sölu fasteigna á fasteignamarkaði sé aukin hættu á að þolendur ofbeldis eigi enn erfiðara með að slíta sambúð við maka sinn en áður.

Þá er mikilvægt að úrræði fyrir fórnarlömb ofbeldis í nánnum samböndum séu tryggð með forgangi til félagslegs húsnæðis og til félagslegs og fjárhagslegs stuðnings. Í ljósi þess að breyttar aðstæður hafa áhrif á möguleika þolenda ofbeldis til þess að komast úr samböndum þarf lögregla að hafa heimild til að fjarlægja ofbeldismann af heimili (austurríska leiðin). Forsvarskonur Stígamóta telja að síðustu mánuðina megi greina aukin merki um vanlíðan og aukna þörf meðal þeirra sem óska eftir aðstoð hjá Stígamótum. Þetta megi merkja í ársskýrslu samtakanna frá árinu 2008 en þar kemur fram að sjálfsvígstilraunir jukust um 25% hjá þeim sem leituðu

⁴ Sjá nánar á: <http://www.felagsmalaraduneyti.is/frettir/frettatilkynningar/nr/4329>

aðstoðar Stígamóta á milli ára. Jafnframt fjölgaði hópnauðgunum úr 6 í 15 milli árána 2007 og 2008. Á sama tíma dró úr fjárframlögum til félagsins sem leiddi til uppsagna á tveimur starfskonum og launalækkunar annarra starfsmanna. Slíkur samdráttur vegna lægri fjárframlaga getur haft alvarleg áhrif á möguleika frjálsra félagasamtaka að bregðast við reynist spá sérfræðinga og fræðimanna rétt um að ofbeldi muni aukast.

Mikilvægt er að styðja betur við þau samtök sem hafa sinnt fórnarlömbum ofbeldis eins og Stígamót, Kvennaathvarfið.

8.2 Mansal og vændi

Bent er á í skýrslu greiningardeildar ríkislögreglustjóra að mansal og verslun með fólk sé sú glæpastarfsemi sem sé í hvað örustum vexti í heiminum. Ísland er talið vera notað sem „gegnumstreymisland“ við smygl á fólk. Hér á landi hafi jafnframt lengi verið grunur um að mansal tengist nektardansstöðum og vændi.

Ætla má að með auknum glæpum fylgir aukinn fjöldi gerenda. Opinberar tölur sýna að afbrotamenn eru að meiri hluta ungir karlmenn. Mikilvægt er því að huga að þeim hópi ungra karla sem sýnir áhættuhegðun, vinna markvisst að forvörnum og efla möguleika þeirra til betri vegferðar.

Reynsla frá öðrum löndum sýnir að með versnandi efnahagsástandi eru það konur í láglaunastörfum, atvinnulausar konur, einstæðar mæður og nemendur sem eru í mestri hættu á að leiðast út í vændi. Auk fíkniefnaneytenda. Mikilvægt er að fylgjast náið með þeim hópum kvenna sem af neyð stunda vændi. Afleiðingar þess eru bæði langvinnur andlegur og heilsufarslegur skaði. Það er því álit jafnréttisvaktarinnar að sú aðgerðaráætlun gegn mansali sem samþykkt hefur verið af ríkisstjórninni þar sem gert er ráð fyrir að lögum verði breytt með þeim hætti að kaup á vændi verði refsiverð muni getað dregið úr eftirspurn eftir vændi og bætt réttarstöðu þeirra sem leiðast úr í vændi.

8.3 Meðferðarúrræði fyrir karla og forvarnir

Forvarnir og almenn umræða um alvarleika ofbeldis í nánnum samböndum getur skipt miklu máli til að sporna við aukningu ofbeldis.

Sálfræðingarnir Andrés Ragnarsson og Einar Gylfi Jónsson eru forsvarsmenn verkefnisins „Karlar til ábyrgðar“ sem hleypt var af stokkunum 1998 og er forvarna- og meðferðarúrræði ætlað körlum sem hafa beitt maka sinn ofbeldi. Á tímabilinu frá október 2008 til dagsins í dag hefur þeim fjölgað nokkuð sem óska eftir að komast í meðferð. Verkefnið hefur náð til suðvesturhluta landsins og verið eftirsótt. Niðurstöður árangursmælingar á verkefninu hafa sýnt að tveimur árum eftir að menn hafa lokið meðferð eru 80% þeirra hættir að beita ofbeldi. Svarendur eru bæði maki og sá sem hlaut meðferð. Jafnframt hafa sálfræðingarnir tveir tekið að sér fræðslu- og forvarnastarf fyrir fagfólk og fleiri. Mikilvægt er að efla verkefnið enn frekar og breiða út þekkingu á þessu

meðferðarúrræði um allt land. Með því móti er unnt að tryggja að úrræðið sé til boða í nálægð við alla íbúa á landinu.

Tryggja þarf gott samstarf þeirra sem koma að málum fólks í ofbeldissamböndum á öllu landinu, þ.e. lögreglu, Kvænnaathvarfs, barnaverndarnefnda og félagsþjónustu sveitarfélaga. Þá er mikilvægt að brýnt sé fyrir öllum aðilum sem koma að menntun og frístundum eða annarri umönnun barna tilkynni til barnaverndarnefnda komi upp grunur um að barn búi á ofbeldisheimili, enda er slíkt lagaskylda.

9 Áhrif breytinganna á heilbrigðisstofnunum

Tölur yfir komur á heilbrigðisstofnanir sem safnað hefur verið frá því í haust eru ekki kyngreindar en þær sýna ekki miklar breytingar á komu fólks á heilbrigðisstofnanir á tímabilinu október–desember 2008 og janúar–mars 2009. Heilbrigðisráðuneytið hefur falið landlæknisembættinu að fylgjast með komum á heilbrigðisstofnanir og gera ráðuneytinu grein fyrir þeim. Beðið er svara frá Sjúkratryggingum Íslands um hvort breytingar hafi orðið á komum kvenna og karla til sjálfstætt starfandi sérfræðinga.

Eftir að ljóst varð að breytingar væru fyrirhugaðar á Neyðarmóttöku vegna nauðgunar bárust áhyggjuraddir til heilbrigðisráðuneytisins um að þessi viðkvæma þjónusta ætti enn að líða fyrir niðurskurð. Heilbrigðisráðuneytið óskaði skýringa frá forstjóra Landspítalans og viðkomandi sviðsstjórum. Þar var lögð áhersla á að fyrst og fremst væri um skipulagsbreytingar að ræða sem ekki kæmu niður á þjónustu við þolendur ofbeldis sem til Neyðarmóttökunnar leita. Breytingarnar munu ekki taka gildi fyrr en í sumar eða haust, að viðhöfðum góðum undirbúningi. Heilbrigðisráðuneytið hefur samráð við sérfræðinga á sviði kynferðislegs ofbeldis innan sem utan heilbrigðisþjónustunnar og leggur áherslu á að breytingar verði aðeins gerðar að viðhöfðu samráði. Þá hefur verið hætt við fyrirhugaðar lokanir á fæðingardeildum heilbrigðisstofnana Suðurlands og Suðurnesja sem hefðu ella haft mikil áhrif á aðbúnað barnshafandi kvenna á þessum stöðum.

Heilbrigðisráðuneytið fylgist vel með ólíkum áhrifum sparnaðaraðgerða innan heilbrigðisþjónustunnar á konur og karla en þar sem þessi vinnumarkaður er mjög kynjaður er ljóst að uppsagnir munu bitna meira á konum en körlum. Heilbrigðisráðuneytið sendi bréf til forstöðumanna heilbrigðisstofnana þar sem spurt var hver yrðu líkleg áhrif fyrirhugaðs niðurskurðar viðkomandi stofnunar á þessu ári á uppsagnir eða starfshlutfall, greint eftir kyni og uppruna.

Beðið er svara frá heilbrigðisstofnunum um hvort fyrirhugaðar séu frekari uppsagnir og kynjahlutfall þeirra sem misst hafa vinnuna í kjölfarið af samdrætti eða útboðum. Jafnframt ef gripið verður til uppsagna með hvaða hætti slíkar uppsagnir muni lenda ólíkt á kynjunum.

Sérfræðingar sem jafnréttisvaktin leitaði til voru sammála um að ástæða væri til að hafa verulegar áhyggjur af áhrifum þess að senda sjúklinga heim af sjúkrastofnunum áður en þeir yrðu færir um að sjá um sig sjálfir. Slíkar aðgerðir eru þekkt leið til að spara kostnað hjá heilbrigðisstofnunum en í flestum tilfellum sjá konur um slíka umönnun. Með því móti er verið að ýta enn frekar undir það tvöfalda vinnuframlag sem konur hafa lengi sinnt eftir að þær tóku að sinna fullum vinnudegi líkt og karlar, en enn bera konur meginábyrgð á heimilisstörfum og uppeldi barna. Þrátt fyrir breytt kynjahlutfall nýrra kynslóða uppalenda í heimilisstörfum og aukinni þátttöku karla í uppeldi barna sinna hallar enn töluvert á konur í þessum efnunum. Því er afar brýnt að þessi staðreynd sé höfð til hliðsjónar þegar horft er til leiða til að spara í heilbrigðiskerfinu og þess gætt að ekki sé aukið enn frekar á þá tvöföldu vinnubræði sem margar konur bera enn.

10 Verkefni framundan

Það er mikilvægt að haldið verði áfram að fylgjast með áhrifum efnahagsástandsins á kynin. Slíkt eftirlit þarf að vera bæði reglubundið og skipulagt svo unnt sé að fylgjast með þróuninni yfir tíma og gera stjórnvöldum þannig kleift að bregðast hratt og örugglega við óheillavænlegri þróun.

Til að starfsemi jafnréttisvaktarinnar beri þann árangur er mikilvægt að tryggja áframhaldandi aðgang vinnuhópsins að upplýsingum. Þónokkur vinna er óunnin við að skilgreina hverjar þær upplýsingar ættu að vera. Þó er ljóst að koma verður á reglubundnu flæði upplýsinga frá stofnunum ríkisins til jafnréttisvaktarinnar, til dæmis þannig að ráðuneyti og ríkisstofnanir skili mánaðarlegri skýrslu um vissar lykilstærðir. Tryggingastofnun ríkisins, Vinnumálastofnun, Hagstofan, heilbrigðisráðuneytið og ýmsar heilbrigðisstofnanir, ríkisskattstjóri og fjármálaráðuneytið búa yfir upplýsingum sem varða viðfangsefni hópsins.

Þar sem viðfangsefni vinnuhópsins eru samfélagsleg áhrif efnahagskreppunnar má vera ljóst að ekki nægir að byggja eingöngu á gögnum hins opinbera. Það er mikilvægt að nefndin geti aflað gagna úr könnunum um ýmsar lykilstærðir, svo sem áhrif atvinnuleysis á félagsleg tengsl og lífskjör bæði karla og kvenna, áhrif landflóttá á fjölskyldulíf, tíðni fátæktar og skorts og félagslegrar útilokunar. Launamunur kynjanna, kynbundin verkskipting (bæði á heimilum og á vinnumarkaði) og kynjaviðhorf eru allt þættir sem kunna að verða fyrir áhrifum af efnahagsástandinu og geta haft langvarandi afleiðingar fyrir jafnrétti kynjanna.

Viðfangsefni jafnréttisvaktarinnar í þessari fyrstu áfangaskýrslu sneru að því að greina kynjahlutfall atvinnuleysis, ástæður fyrir því að fólk missti vinnuna, hvernig framtíðarhorfur eru á vinnumarkaði út frá kynjunum og hvernig félagsleg viðbrögð kynjanna eru ólík við atvinnumissi. Þá var sérstaklega farið yfir áhrif sem sérfræðingar telja að hljótist af auknu atvinnuleysi á ofbeldisglæpi. Þá var könnuð staða þeirra samtaka sem helst hafa sérhæft sig því að vinna með þolendum kynferðisofbeldis og meðferðaraðilum með gerendum sem og áhrif á komutíðni hjá heilbrigðisstofnunum.

Jafnréttisvaktin telur brýnt að fylgjast vel með þróun á fyrrgreindum þáttum samfélagsins. Næsta verkefni jafnréttisvaktarinnar er að skoða með nákvæmari hætti áhrif efnahagsþrenginga á þjónustu sveitarfélaganna, með hvaða hætti þau að bregðast við breytingunum, bæði í aðgerðum til atvinnusköpunar svo og í annars konar breytingu á þjónustu.

Telja fulltrúar í jafnréttisvaktarinnar það geta styrkt starf vinnuhópsins að til viðbótar við þá fulltrúa sem þar eiga nú þegar sæti bætist við jafnréttisfulltrúi Alþýðusambands Íslands, fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, sérfræðingur frá Rannsóknastofu í kvenna- og kynjafræðum við Háskóla Íslands og fulltrúi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar. Ástæðan fyrir því að nefndin leggur áherslu á fjölgun í hópnum er að þá væri mögulegt að efla enn frekar þá viðamiklu vinnu sem framundan er í því að greina og fylgjast með breytingum á áhrifum efnahagsástandsins á stöðu kynjanna. Þannig yrði skipan fulltrúa launþega til þess styrkja starf vinnuhópsins því hann á töluvert auðveldara með að tryggja upplýsingar um hinn opinbera atvinnumarkað en þann almenna. Mikilvægt er að fulltrúi Samtaka atvinnulífsins verði skipaður í hópinn, enda atvinnuleysi á hinum almenna markaði meðal brýnustu úrlausnarefna stjórnvalda. Þá er sú sérfræðipækning sem Rannsóknastofa í kvenna- og kynjafræðum býr yfir mikilvæg í því veigamikla starfi sem framundan er. Að lokum getur fulltrúi Velferðarsviðs Reykjavíkurborgar verið mikilvæg tenging fyrir jafnréttisvaktina til þess að meta breytingar á eftirspurn eftir þjónustu sveitarfélaga og til að upplýsa um sértækar aðgerðir á vegum Reykjavíkurborgar.

Þá gæti fjölgun fulltrúanna einnig styrkt starf vinnuhópsins og auðveldað nákvæmari greiningar eða rannsóknir á ákveðum viðfangsefnum hópsins auk þess sem lagt er til að sérfræðingateymi sé skipað til að vera jafnréttisvaktinni til ráðgjafar þegar þörf er á slíku.